
Minnisblað

Dagsetning: 06. desember 2020

Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir

Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra

Málsnúmer/skjalalykill: 2010085

Efni: Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi tillögur að takmörkunum í skólahaldi vegna COVID-19 frá og með 10. desember 2020.

Þann 18. nóvember 2020 tók gildi reglugerð um takmörkun á skólastarfi vegna COVID-19 (nr. 1106/2020). Reglugerðin var framlengd þ. 2. desember 2020 og gildir til og með 9. desember 2020.

Frá því að reglugerðin tók gildi þ. 18. nóvember, hefur COVID-19 faraldurinn verið á niðurleið hér innanlands. Reyndar kom bakslag í faraldurinn þ. 30. nóvember sem leiddi til framlengingar reglugerðarinnar. Síðustu dagana hefur daglegur fjöldi greindra tilfella hins vegar verið um 5-10 og farið fækkandi. Í útreikningum vísindamanna við HÍ kemur í ljós að smitstuðullinn síðustu daga hefur verið um 1,5 og því ljóst að brugðið getur til beggja vona.

Þar sem að lítið er eftir af núverandi skólaári og faraldurinn á viðkvæmu stigi þá tel á óráðlegt að leggja til miklar breytinga á núverandi takmörkunum á skólastarfi. Ég bind hins vegar vonir við að hægt verði að leggja til meiri afléttinga strax eftir áramótin ef þróun faraldursins verður hagstæð.

Ég legg því til eftirfarandi sóttvarnaaðgerðir í skólum frá og með 10. desember 2020:

1. Reglugerð nr. 1106/2020 um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar verði áfram í gildi til 31. desember 2020.
2. Til viðbótar verði leyft að hafa opin lestrarrými fyrir allt að 30 manns í vel loftræstum hólum á meðan próftaka og prófundirbúningur fer fram í framhalds- og háskólum. Gætt skal að tveggja metra nálægðarreglu og almennum sóttvörnum.